



Nýársávarp
forseta Íslands
Ásgeirs Ásgeirssonar
1. janúar 1965

Góðir Íslendingar, nær og fjær!

Ég óska yður öllum gleðilegs nýárs, og þakka innilega gamla árið, heillaóskir og samúðarkveðjur.

Það eiga margir ástvina að sakna, og í gær barst fregnin um andlát Ólafs Thors, mikilhæfs stjórnálamanns, góðs drengs og ágæts félaga. Ég votta frú Ingibjörgu og fjölskyldu hans dýpstu samúð.

Á gamlársdag lítum vér aftur til liðins árs, en á nýársdag meir fram á ókominn tíma, og vonin og trúin glæðist og styrkist á þessum tímamótum. Vér höfum þessa dagana séð tvenna tíma. Veðurbliðu og vetrardýrð um jóladagana, allt blátt og hvítt, himinn, hauður og haf og skammdegisroðann á heiðríkjunni í sólarátt. Það voru allt vorir íslensku litir. En síðar glórulausa hríð, ógæftir og samgönguerfiðleika. Íslenska þjóðin hefir oft séð tvenna tímana, þjóðveldi, einveldi og lýðveldi, bjargálnir, fátækt og velgengni. Það má segja, að hvert nýtt ár hafi, síðustu áratugina, skapað þjóðinni batnandi hag og þá vonandi betri líðan og vaxandi þroska. Og þó veðráttan sé umhleyplingasöm, þá er húsaskjól og ólíkt eða var í lokabætti Fjalla-Eyvindar og skipastóll öruggari en smáfleyturnar.

Vér lifum á tímum tækninnar og síaukinnar verkaskiptingar í landbúnaði, sjávarútvegi, iðnaði og raunar öllum starfsgreinum. Tæknin hefir gert fátæka þjóð, sem áður vann með berum höndum, skóflu, orfi og árinni, farsæla. Með hverju ári sigrast betur á kulda og myrkri. Ísland gefur góðan arð, þegar beitt er réttum tókum. Vér vitum að nútímataekni mun fara sívaxandi á öllum sviðum, og heimtar aukna og breytta undirbúningsmenntun. Þetta er nú öllum ljóst, og má ekki telja eftir kostnaðaraukann.

Ég óttast ekki þar fyrir um framtíð íslenskrar menningar. Hún stendur enn jafn traustum fótum og um síðustu aldamót. Það er þrennt, sem er bæði gamalt og nýtt á Íslandi: bókmenntir, Alþingi og íslensk kirkja. Hitt eru engin menningarspjöll, þó að hverfi torfkofar, reiðingar og skinnsokkar.

Bókmenntir eru vor mikli þjóðararfur, að efni til jafngamlar Íslandsbyggð. Hin fornu handrit eru hinn sýnilegi, sögulegi vottur, og ég trúi því, að vonir vorar og hin gefnu fyrirheit um afhending rætist. Það er ótrúlegt, hve mikil gróska er enn í íslenskum bókmenntum, og engin tilviljun, að jafn fámenn þjóð á Nóbelskald, auk margra annarra núlifandi rithöfunda, sem þjóðin á þökk að gjalda.

Mér þykir ástæða til að geta þess í þessu sambandi, að hér á Bessastöðum hafa bæði erlendir og innlendir gestir, oft beðið um að fá að líta á bókasafn staðarins. Ég hefi mér til óþæginda orðið að geyma mínar bækur á fjórum stöðum, en staðarins

bókasafn ekki fyrirfundist til þessa. Þing og stjórn hafa verið mér sammála um, að slíkt mætti ekki lengur viðgangast á forsetasetri heimsunnrar bókmenntaþjóðar, og er nú svo komið að húsakynnin eru tilbúin, mikil stofa byggð við hlið móttökusalans, sem reistur var við hina gömlu Bessastaðastofu, sem nú nálgast óðum sitt tveggja alda afmæli. Í bókhöðunni er bæði ofanljós og lofthitun, svo veggpláss verður drjúgt fyrir skápa.

Þar hefir nú verið komið fyrir gömlum staðarhúsgögnum og húsgögnum þeim, sem hinn fyrsti heimastjórannarráðherra, Hannes Hafstein, keypti fyrir landið á sinni tíð. Þau eru nú helguð af sextíu ára sögu. Þá hefir og verið hengd upp forláta gjöf Grettis Eggertssonar, myndin af Albert Thorvaldsen. Og á eikargólf breidd sex teppi, lit- og formfögur, sem Dóra óf og hnýtti. Svo það er að koma mannapefur í hellinn, enda fór fram einskonar vígsla í gær með fyrsta Ríkisráðsfundi, sem þar hefir verið haldinn. Bókaskápar eru enn í smíðum, en væntanlegir innan tíðar. Bókhlaðan kallar svo á bækurnar, en þar er ætlast til að safnist allar sígildar íslenskar bókmenntir, fornar og nýjar, en engin áhersla lögð á þessa eða fyrstu útgáfur sérstaklega. Mínar bækur rýma svo fyrir þeim jafnóðum. Ég skal þó geta þess, að þegar hafa borist verðmætar gjafir í hundruðum eintaka frá amerískum bókaútfendum, dr. Richard Beck og frú Ásu Guðmundsdóttur Wright, sem lengi hefir búið í Vestur-Indíum. Allir þessir aðilar höfðu haft spurn af byggingu Bókhöðunnar. Það er mitt hugboð, að með þessari framkvæmd sé um fyrirsjáanlegan tíma lokið nýbyggingum á staðnum.

Ég nefndi áðan Alþingi sem einn af hinum þrem vígðu þáttum íslensks þjóðlífs. Á nýliðnu ári var haldið upp á tuttugu ára afmæli Lýðveldisins, og á þessu nýbyrjaða ári getum vér minnst fimmtíu ára afmælis íslenska fánans, sem þá var löggiltur sérféni þjóðarinnar. Einnig getum vér þá minnst fimmtíu ára afmælis hins almenna kosningaréttar, þá var atkvæðisréttur rýmkaður og þá hlaut „hinn betri helmingur“ þjóðarinnar, sem svo er stundum nefndur, kvenþjóðin, atkvæðisrétt. Vér undrumst nú, að þetta skuli nokkurtímamann hafa verið ágreiningsmál, og var þó sú réttarbót gerð fyrr með vorri þjóð en flestum öðrum. Ég nefni þessi tvö atriði vegna þess, að eldri réttarbætur og stórir áfangar á lífsleið þjóðarinnar vilja stundum gleymast í átökum dægurmálanna. En vér eigum vissulega margt að þakka og margt að minnast, sem þurfti að sigrast á, áður en komið var í þau spor, þar sem nú stöndum vér.

Ég er nú kominn á þann aldur, að ég man þegar vér fengum íslenskan ráðherra, búsettan í landinu, hundrað ára afmæli Jóns Sigurðssonar, Sambandslögin, Alþingishátíðina og Lýðveldishátíðina. Þetta eru allt miklir áfangar í sögu vorrar tuttugustu aldar. Á síðasta ári voru fjörutíu ár liðin síðan ég settist fyrst á þingbekk sem fulltrúi Vestur-Ísfirðinga. Það er að sjálfsögðu ekkert merkisafmæli, en sýnir það þó, að ég hefi haft aðstöðu til að kynnast mönnum og málefnum á þessu mesta framfaratímabili Íslendingasögunnar, og gæti gert nokkurn samanburð á nútíð og þátíð. Slíkt er þó ógerlegt til nokkurrar hlítar í stuttu ávarpi. Svo margslungin er sú saga. En þess vil ég geta, að pólitískur fjandskapur virðist mér nú minni en oft hefir áður verið, þó jafnan sé öldugangur á yfirborðinu. Viðfangsefnin hafa breyst stórlega. Flestu er nú lokið um mannréttindamál og sjálfstæðisbaráttu, sem áður var allsráðandi um flokkaskipting. Nú eru það hagsmunamál einstaklinga, stétta og héraða, sem setja svip sinn á viðureignina. Og það er fyrst á hinum síðari árum, sem menn hafa þorað að trúa því, að unnt sé að útrýma örbirgð, og búa öllum landslýð góð lífskjör um afkomu og uppeldi. Það er ótrúlegur munur á fátækralöggjöf 19. aldar og tryggingalöggjöf vorra tíma, enda úr meiru að spila en á hallæristímum. Hugsunarhátturinn er breyttur, andrúmsloftið nýtt. Ef spurt væru um eina stofnun, sem átt hefur ríkastan þátt í viðreisn íslensku þjóðarinnar, mundu allir svara einum rómi:

Alþingi, og einn mann: Jón Sigurðsson. Vér höfum ástæðu til að vera þakklát þjóð og bjartsýn á framtíðina.

Jón Sigurðsson er fæddur og uppalinn á Rafnseyri við Arnarfjörð. Eftir Lýðveldisstofnunina hófst undirbúningur um að láta staðinn njóta síns mikla sonar með nokkurum hætti. Framkvæmdum er ekki lokið, þó nú sjáist fyrir endann á þeim. Rafnseyri fer ekki í eyði. Þar búa nú ung og myndarleg kennarahjón og undirbúa að nokkru leyti framkvæmdir á þessu ári. Það var afráðið að geyma fjárveitingu síðasta árs og reyna að ljúka byggingu eftir teikningu á næsta sumri. Nægilegt fé er nú til ráðstöfunar, og er það mest ágóðinn af gullpening þeim, sem gefinn var út á 150 ára afmæli Jóns Sigurðssonar. Fjárlögum mun ekki verða íþyngt öllu meir. Jón Sigurðsson borgar fyrir sig, eða allur sá fjöldi manna, sem vill eiga mynd svo ágæts manns, greypta í gull, til skrauts eða gjafa.

En nú spyrja menn: hvað á svo að gera við hina endurreistu Rafnseyri? Því er auðsvarað. Það var að vísu upphaflega gert ráð fyrir, að þar yrði heimavistarskóli fyrir sveitabörn báðum megin Arnarfjarðar. En í þeim sveitum hefir orðið mikil landauðn á síðari árum. Nú er hægurinn hjá að breyta þeirri áætlun í lítinn unglingskóla á vetrum, líkt og ýmsir ágætir prestar hafa rekið fyrir og síðar. Eins og öllum er kunnugt er mikill hörgull á slíkri starfsemi, og héraðsskólar yfirfullir. Á sumrum rekur kennari eða prestur svo búskap við sitt hæfi, og sinnir gestakomum. Þar fara nú um þúsundir manna á hverju sumri, og ekki viðhlítandi, að komið sé að köldum kofum á slíkum sögustað Jóns Sigurðssonar og Hrafns Sveinbjarnarsonar. Einnig mætti hafa þar sumarþúðir kirkju eða skáta. Rafnseyri er í engri hættu, og verður vel búíð að þeim, sem tekur staðinn að sér, bæði um húsakynni og annað. Rafnseyri liggur miðsveitis á Vestfjörðum og tilvalinn funda- og samkomustaður, bílvegir í allar áttir og náttúruvegur. Þar ilmar enn úr grasi, og Vestfirðir eiga þar sinn sögustað líkt og sunnlendingar Skálholt og Norðlendingar Hóla. Ég hefi leyft mér að gera þetta að umtalsefni, því allt sem snertir Jón Sigurðsson er með nokkrum hætti þjóðmál, eins og m.a. gullpeningsútgáfan sýnir.

Undir lokin vil ég geta þess, að mér er kunnugt um, að í undirbúningi er sjóðsstofnun til byggingar kirkju á Rafnseyri, og mun nánar gerð grein fyrir því innan tíðar. Það á ekki að verða nein stórkirkja, heldur fögur og virðuleg kapella, samboðin staðnum. Á Rafnseyri stendur enn veggjarbrot úr baðstofu, en þar undir var rúm Þórdísar húsfreyju. Mætti e.t.v. fella það inn í kirkjuvegg og merkja nákvæmlega á gólfi fæðingarstað Jóns Sigurðssonar. Ef ríkið leggði fram eina krónu á móti hverri gjafakrónu, eins og gert var um endurreist Bessastaðakirkju, þá væri því máli borgið. Viðgerð Bessastaðakirkju er nú lokið að öðru leyti en því, að eftir er að koma fyrir þungri, viðamikilli eikarhurð á sterkum járnnum í akkerisstíl, enda var kirkja helguð sjófaradýrtingnum Nikulási í kaþólskum sið. Hurðin er gjöf frá Noregi, og nú komin til landsins. Mér hefir nýlega borist tíu þúsund króna gjöf til kirkjunnar frá konu, sem ekki vill láta nafns síns getið. Ríkið er nú laust allra málaloka. Það er ómetanlegt að hafa slíka staðarkirkju, og minnir á þann vígða þátt, sem kristin kirkja hefir átt í allri sögu og menning þjóðarinnar.

Sú velgengi er góð, sem vér nú njótum. En er hún einhlít til að gera menn hamingjusama? Er saddur maður ætíð sæll? Svo hefir ekki alltaf reynst. Það er eitthvað til sem heitir sál, og hungur og þyrstir eftir því réttlæti, sem ekki er tóm laun eða tryggingarlöggjöf. Vér viljum sjá eitthvað fram á veginn og jafnvel gegnum dauðans dyr, sem blasa við öllum. Á þessu nýja ári hugsum vér til framtíðarinnar. Ef vér höfum einhvern tilgang og starf, sjáum vér að vísu nokkuð fram á veginn, hvernig eigi að stíga hin næstu fótumál. En hungur mannlegrar sálar stendur dýpra, og stundum

bregður fyrir skærum geisla, ljósi, sem skín í myrkrunum, eins og frá jólastjörnu, páskum og hvítasunnu. Þá birtu hefir kirkjan flutt mörgum á öllum öldum, og ekki síst þeim sem eiga andstreymt. Í rauninni er jólaguðspjallið leiðarstjarna allra stjórn- og trúmála: friður og velþóknun.

Gleðilegt nýtt ár!